

Nd.

302. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám laga nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði fellt, en minni hl. nefndarinnar er því meðmæltur, að innflutningshöftum þeim, sem staðið hafa síðan í október 1931, verði af létt, og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Innflutningstálmanir hafa jafnan ýmislegt það í för með sér, sem gerir það æskilegt, að þeim sé ekki beitt lengur en nauðsyn knýr til. Má þar til nefna t. d.:

1. Innflutningshöft hafa jafnan skaðleg áhrif á verzlunarhættina og valda á þann hátt örðugleikum fyrir landsbúa; vöruverð hækkar óeðlilega og vörugæði rýrna. Athafnafrelsi manna er takmarkað á margan hátt, einnig í atvinnumálum.
2. Ríkissjóður verður fyrir þungum bú sífjum af völdum haftanna, því einmitt þær vörur, sem höftin koma aðallega niður á, eru hentugustu vörurnar til tekjuöflunar með innflutningstollum, vegna þess að þær eru hæst tollaðar samanborið við innkaupsverð. Þetta er ekki óverulegt atriði eins og högum ríkissjóðs er komið.
3. Auk þessa draga höftin úr tekjum ríkis og bæjarfélaga, með því að lama atvinnumöguleika og gjaldþol manna.
4. Þessi lómun á atvinnumöguleikum veldur einnig atvinnuleysi, eykur framfærsluþörf þess opinbera og er ekki hættulaus lánsstofnunum. Þá má og benda á það, að höftin koma víða við óbeinlínis, t. d. fyrir Eimskipafélagið o. fl.
5. Á þessum tímum, þegar þjóðin þarf að berjast harðri baráttu við aðrar þjóðir um markaðsmöguleika fyrir afurðir sínar, er engan veginn útilokað, að innflutningshöftin geti gert oss ógagn á því sviði.

Þessar og fleiri ástæður hljóta að valda því, að ekki beri að halda innflutningshöftunum lengur en brýnasta nauðsyn krefur. Minni hl. fær ekki séð, að sú nauðsyn sé nú orðið fyrir hendi.

Eins og komið er, er mjög lítil hætta á, að innflutningur aukist úr hófi, vegna þess hvað kaupgetan er takmörkuð og verzanir munu vart lána vörur, því reynsla undanfarinna ára sannar, að ekki er auðvelt að fá verzlunarskuldir greiddar.

Við mælum því með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. marz 1933.

Jón A. Jónsson,
fundaskr., frsm.

Ólafur Thors.